



Orkubú
Vestfjarða

Ársskýrsla

2024

Efnisyfirlit

Stjórn og stjórnskipulag	3
Formáli Orkubússtjóra	5
Ávarp stjórnarformanns	10
Orkusvið	17
Veitusvið	21
Raforkukerfi Vestfjarða	28
Vatnsaflsvirkjanir	31
Díselstöðvar	34
Kyndistöðvar	36
Orkuöflun	38
Orkudreifing	42
Rekstrartruflanir	47
Kolefnisspor	49
Lykiltölur úr dreifikerfi	60



Stjórn og stjórnskipulag

Stjórn Orkubús Vestfjarða

Formaður: Illugi Gunnarsson

Varaformaður: Valgerður Árnadóttir


Ritari:
Unnar Hermannsson
Gísli Jón Kristjánsson
Viktoría Rán Ólafsdóttir

Varamenn:
Eva Pandora Baldursdóttir
Jóhann Birkir Helgason
Magni Hreinn Jónsson
Eiríkur Valdimarsson
Fjóla Hrund Björnsdóttir



Frá vinstri Valgerður, Gísli Jón, Illugi, Unnar, Viktoría og Elías Orkubússtjóri

Skipurit Orkubús Vestfjarða



Formáli Orkubússtjóra



Elías Jónatansson

Árið 2024 var að mörgu leyti sögulegt fyrir Orkubú Vestfjarða, en stór áfangi náðist þegar heitt vatn fannst loksins í Tungudal á Ísafirði og markaði sá fundur mikil kaflaskil í 60 ára jarðhitaleit Orkubúsins á svæðinu. Rekstur fjarvarmaveitna Orkubús Vestfjarða hefur verið erfiður og í raun lá þegar fyrir á ársfundi félagsins í fyrra að afkoma félagsins á árinu 2024 yrði óviðunandi. Orkubúið hefur um áratugaskeið verið með orkukaupasamninga vegna rafkyntra hitaveitna sem byggst hafa á því að fá hagstætt orkuverð gegn því að orkusalinn, Landsvirkjun, hefði heimild til skerðingar á afhendingu raforku ef staða í uppistöðulónum væri lág. Undanfarna áratugi hefur sjaldan reynt á þessa heimild. Slík staða kom þó upp árið 2014, þegar veruleg skerðing átti sér stað. Nær í tíma er talsverð skerðing árið 2022 og svo aftur á árinu 2024. Vegna skerðingarinnar þurfti að grípa til olíukatla til að kynda hitaveiturnar og var 3,6 milljónum lítra af olíu brennt á árinu vegna þessa. Til samanburðar var olíubrennslan 2,2 milljónir lítra vegna skerðingarinnar 2022.



Halldór V. Magnússon, Elías
Jónatansson, Sölvi R. Sólbergsson
ásamt Eleni Dís Víðisdóttur á
verkstað við borun TD-09

Þótt rekstrarniðurstaðan sé óviðunandi þá tókst að ná endum saman og var hagnaður ársins 43,6 millj. kr.

Rekstur ársins 2024

Heildartekjur Orkubús Vestfjarða jukust um 12% á milli ára og voru 4.298 millj. kr. EBITDA lækkaði hins vegar um 271 millj. kr. á milli ára en hreinn kostnaðarauki við olúbrennslu í kjölfar skerðinga á árinu nam 480 millj. kr. Rekja má aukningu rekstrartekna annars vegar til aukinna umsvifa í samfélaginu og hins vegar til verðhækkana á gjaldskrár fyrirtækisins. Launakostnaður félagsins hækkaði um 5% á milli ára, en að teknu tilliti til breytinga lífeyrisskuldbindinga og eignfærslu launa við framkvæmdaverkefni þá lækka laun samkvæmt rekstrarreikningi um 4,4%. Stöðugildum fjölgaði um eitt frá fyrra ári. Tekjur raforkusölu jukust um 10,3% á milli ára og námu 1.038 millj. kr., en tekjur af dreifingu voru 1.839 millj. kr. og hækkuðu um 12,9%. Þá jukust tekjur af sölu á heitu vatni um 11,4% og voru samtals 1.035 millj. kr. og aðrar tekjur voru 386 millj. kr.

Eignir Orkubúsins námu í lok árs kr. 14.943 millj. kr. en skuldir voru 3.932 millj. kr. þannig að eigið fé félagsins nam 11.011 millj. kr.

Framkvæmdir

Heildarfjárfesting ársins 2024 nam 1.069 millj. kr. og voru stærstu verkefni á sviði virkjanarannsókna og jarðhitaleitar. Allt bendir til að fram undan séu enn stærri framkvæmdaár hjá Orkubúinu, hvort sem litið er til framkvæmda við virkjanir eða jarðhita. Þá er rétt að taka fram að í desember var undirritaður samningur um tengingu kalkpörungaverksmiðju í Súðavík, sem jafnframt mun auka afhendingaröryggi raforku



Framgangur byggingar nýrrar rafstöðvar í Flatey. Frá vinstri sjást gömlu rafstöðvargámarnir og til hægri má sjá nýtt rafstöðvarhús í byggingu

til annarra notenda í Súðavík og í Álftafirði til muna, enda hefur Súðavíkurlína verið einn veikasti hlekkurinn í dreifikerfi Orkubús Vestfjarða. Þar er um að ræða framkvæmd sem áætlað er að kosti talsvert á annan milljarð króna.

Framleiðsla

Eigin framleiðsla Orkubús Vestfjarða vegna raforkusölu

minnkaði um 3,49% á milli ára og framleiðsla smávirkjana á Vestfjörðum, sem Orkubúið kaupir orku af, minnkaði um 15,71% á milli ára. Framleiðsla á heitu vatni með olíu jókst úr 2 GWst 2023 í 35,6 GWst 2024, en alls var orkunotkun vegna framleiðslu á heitu vatni 91.5 GWst á árinu 2024. Alls nam orkuöflunin 272 GWst á árinu 2024, í samanburði við 268,8 GWst árið á undan.

Úrlausn á rekstrarvanda rafkyntra hitaveitna

Stærsti óvissupátturinn í rekstri Orkubúsins undanfarin ár hefur verið óvissan um aðgengi að skerðanlegri orku fyrir rafkyntar hitaveitur. Orkukaupasamningur OV við Landsvirkjun fól í sér heimild þess síðarnefnda til allt að 120 daga skerðingar á afhendingu, sem OV þurfti þá að mæta með því að kynda olíukatla til að mæta eftirspurn eftir heitu vatni. Þessar heimildir voru nýttar árið 2022 og 2024 sem varð þess valdandi að nettó útgjöld OV urðu alls 680 m.kr. meiri en ella hefði orðið, þessi tvö ár. Í september 2024 var undirritaður nýr samningur við Landsvirkjun sem gjörbreytir þessari áhættu. Í nýjum samningi er skerðingarheimildin einungis 100 klst. í stað 120 sólarhringa. Ófyrirséð áföll líkt og 2022 og 2024 með tilheyrandi umhverfisáhrifum vegna olíubrennslu eru því að mestu úr sögunni. Á móti kemur að Orkubúið þarf að greiða hærra verð fyrir orkuna. Samningurinn er tímabundinn til 4 ára. Orkubúið hefur sett sér það markmið að á þeim tíma fáiist niðurstaða í framtíðar rekstrarform rafkyntra hitaveitna á Ísafirði, í Bolungarvík, á Flateyri og á Patreksfirði.

Jarðhitaleit

Rekstrarvandi rafkyntra fjarvarmaveitna hefur farið vaxandi í allnokkur ár og ljóst var að óbreytt rekstrarfyrirkomulag yrði ekki sjálfbært til lengri tíma litið. Orkubúið fékk ÍSOR til að vinna áætlun til jarðhitaleitar árið 2018, en markmiðið var að kanna möguleika á að afla jarðhita sem kæmi í stað raforku inn á rafkyntar hitaveitur Orkubúsins. Orkubúið sótti um styrki til jarðhitaleitar en hafði ekki erindi sem erfiði þar sem Orkusjóður hafði ekki úr að spila fjármunum til að styrkja slík verkefni. Úr því rættist þegar ríkissjóður fór að auka fjárveitingar til jarðhitaleitar verulega fyrir tveimur árum. Orkubúið fór m.a. í jarðhitaleit á Ísafirði, nánar tiltekið í Tungudal þar sem jarðhiti fannst þann 26. maí 2024. Í kjölfarið hófust afkastamælingar

og undirbúningur fyrir nýtingu heita vatnsins inn á hitaveitukerfi Orkubúsins. Línur eru nú mjög að skýrast í því hvernig staðið verður að nýtingu heita vatnsins, en það verður gert með hjálp varmadælna.

Ekki náðist að ljúka rannsóknarborunum vegna jarðhita á Patreksfirði og á Ísafirði á árinu og verður borunum haldið áfram í vor og í sumar. Í vetur hefur verið unnið að forhönnun vegna nýtingar jarðhita á Ísafirði með notkun varmadælna. Reiknað er með að það muni gerast í tveimur áföngum, fyrsti áfangi snýr að tengingu íbúabyggðarinnar í firðinum, en annar áfangi er svo tenging við byggðina utar í firðinum og á eyrinni.

Kolefnisspor Orkubús Vestfjarða

Orkubúið hefur haldið loftslagsbókhalð frá árinu 2019. Árið 2024 var kolefnissporið 11.593 tonn CO₂ íg. Mikil hækkun er á kolefnissporinu á milli ára þar sem skerðing á afhendingu raforku á rafkyntar hitaveitur olli mikilli olíunotkun á árinu sem leið. Það varð til þess að kolefnisspor fyrirtækisins vegna framleiðslu á heitu vatni var 14 sinnum meira árið 2024 en árið 2023. Kolefnisspor heitavatnsframleiðslunnar var 94% af heildar kolefnisspori fyrirtækisins árið 2024, en til samanburðar þá var það 51% af kolefnisspori Orkubúsins árið 2023. Nýr tímabundinn samningur við Landsvirkjun og síðan nýting jarðhita og varmadælna mun í framtíðinni hafa afgerandi áhrif til minnkunar kolefnisspors Orkubúsins.

Virkjana undirbúningur

Vinna við undirbúning Kvíslatunguvirkjunar í Steingrímsfirði hefur gengið vel. Umhverfismati er lokið, en beðið er eftir samþykkt aðalskipulags Strandabyggðar. Hagkvæmnismat gefur til kynna að virkjunin geti vel staðið undir sér,

en hún mun jafnframt hafa afgerandi jákvæð áhrif á afhendingaröryggi raforku á Ströndum og Reykhólum. Reikna má með að meiriháttar straumleysistilfellum fækki þar um allt að 90% með tilkomu virkjunarinnar, en á svæðinu búa um 10% Vestfirðinga.

Umhverfis- orku- og loftslagsráðherra hefur erindi Orkubús Vestfjarða varðandi Vatnsdalsvirkjun enn til meðferðar, en það snýst um að gera breytingar á friðlýsingarskilmálum þannig að heimilt verði að taka virkjunina til efnislegrar meðferðar í Rammaáætlun, en staðsetning hennar yrði innan friðlandsins í Vatnsfirði. Engin ákvæði eru í friðlýsingarskilmálunum frá 1975 sem taka sérstaklega á því hvort þar ætti að heimila virkjun eða lagningu flutningslína fyrir raforku. Það liggur hins vegar fyrir að á árunum 1978 til 1980 var Vesturlína lögð um friðlandið sem segir sína sögu um inntak friðlýsingarinnar. Þá fóru fram rannsóknir á vegum Orkustofnunar um virkjun í Vatnsfirði í kjölfar þess að friðlýsing var samþykkt, sem bendir eindregið til að gert hafi verið ráð fyrir þeim mögulega þrátt fyrir friðlýsingu.

Orkubúið telur að mikilvægt sé að taka virkjunarkostinn til meðferðar í Rammaáætlun, enda segir í 1. gr. laga nr. 48, 2011, um verndar- og orkunýtingaráætlun – rammaáætlun.

„Markmið laganna er að tryggja að nýting landsvæða þar sem er að finna virkjunarkosti byggist á langtímasjónarmiðum og heildstæðu hagsmunamati þar sem tekið er tillit til verndargildis náttúru og menningarsögulegra minja, hagkvæmni og arðsemi ólíkra nýtingarkosta og annarra gilda sem varða þjóðarhag, svo og hagsmuna þeirra sem nýta þessi sömu gæði, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi“.

Hugmyndin er ekki úr lausu lofti gripin, þar sem um er að ræða valkost sem óumdeilanlega mun leysa 50 ára gamalt vandamál sem snýr að raforkuöryggi á Vestfjörðum. Virkjunin mundi fækka straumleysistilfellum um 90% á norður- og suðursvæði Vestfjarða þar sem 90% Vestfirðinga búa. Vegna nálægðar virkjunarkostsins við afhendingarstað Landsnets í Mjólka má gera ráð fyrir að tenging virkjunarinnar stæði vel undir kostnaði. Jafnvel þótt virkjunarkosturinn hafi enn ekki farið í gegnum nálarauga Rammaáætlunar né hefðbundið umhverfismat, þá liggur fyrir að hægt er að byggja virkjun sem hefur mjög lítil áhrif t.d. á birkiskóg sem var í brennidepli þegar friðlýsingin var samþykkt. Þá eru áhrif virkjunarinnar á víðerni algjörlega hverfandi, en það er einn af þeim þáttum sem horft er til í vaxandi mæli við mat á umhverfisáhrifum virkjana. Ekki er verið að fullyrða að virkjunin sé án umhverfisáhrifa, heldur er einfaldlega verið að vekja athygli á því að það kunni vel að vera að virkjunin hafi talsvert minni áhrif en aðrir virkjunarkostir sem þegar hafa hlotið brautargengi og sé einnig afar hagkvæm í þjóðhagslegu tilliti.

Að lokum

Starfsfólki Orkubús Vestfjarða færi ég bestu þakkir fyrir samstarfið og þeirra góða framlag. Stjórn fyrirtækisins færi ég einnig bestu þakkir fyrir ánægjulegt og uppbyggilegt samstarf undanfarin ár. Auk þess vil ég nota tækifærið og þakka stjórnarformanni, Illuga Gunnarssyni, sérstaklega fyrir ánægjulegt og gott samstarf og hans lausnamiðaða innsæi við vinnslu þeirra margvíslegu verkefna sem koma inn á borð stjórnar.

Elías Jónatansson,
Orkubússtjóri

Ávarp stjórnarformanns



Illugi Gunnarsson

Rekstur Orkubús Vestfjarða var mjög krefjandi á síðasta rekstrarári. Verulegar skerðingar á afhendingu raforku frá Landsvirkjun höfðu gríðarleg áhrif á afkomu ársins. Á rekstrarárinu 2023 nam hagnaður fyrir skatta um sex hundruð milljónum króna, en hagnaður þessa rekstrarárs var 43,6 milljónir króna. Augljóslega er slík rekstrarniðurstaða óviðunandi, en í ljósi þeirra atburða er urðu á árinu þá er ljóst að starfsfólk Orkubús Vestfjarða hefur lyft grettistaki og náð að halda félaginu réttum megin við núllið eins og gjarnan er að orði komist.

Á sínum tíma þegar samið var um orkukaup vegna hitaveitu með rafkyndingu var gert ráð fyrir að orkuskortur væri mjög sjaldgæfur; atburður sem í stóra samhengi hlutanna (þegar horft var til þess orkuverðs sem í boði var á slíkum grunni) væri það sjaldgæfur að augljóst væri að hagsmunum félagsins og þeirra íbúa fjórðungsins sem notuðu rafkynta heitaveitu væri best borgið með því fyrirkomulagi. Nýliðin reynsla hefur sýnt að þær forsendur standa tæpast lengur Stjórn og starfsmenn Orkubús Vestfjarða mátu það sem svo að nauðsynlegt væri að grípa til aðgerða til að tryggja betur rekstrargrundvöll félagsins. Í framhaldinu voru



Borun á fyrstu vinnsluholunni
GE-14 á Patreksfirði

gerðir nýir samningar við Landsvirkjun. Þeir samningar kosta félagið augljóslega töluverða fjármuni, en það var til mikils að vinna að auka öryggi í aðgengi félagsins að orku og koma í veg fyrir að svona högg dyndu á rekstrinum með reglulegu millibili, en síðasta verulega skerðing var árið 2022. Þegar upp er staðið er engin spurning um að nauðsynlegt var að draga úr þessari áhætti í rekstri Orkubús Vestfjarða.

Þessi þróun sýnir jafnframt hversu mikilvægt það er að aukið sé við framleiðslu á orku, jafnt á Vestfjörðum sem annars staðar á landinu. Vaxandi skilningur er á því í samfélaginu að það regluverk sem búið er að koma upp vegna nýtingu grænna orkuauðlinda Íslands er farið að valda verulegum vanda og búsifjum fyrir þjóðina. Undarlegast er þó sennilega að hin mikla tregða til að virkja vatnsafl hefur áhrif á möguleika þjóðarinnar til að framkvæma orkuskipti og hætta eða a.m.k. draga verulega úr notkun jarðeldsneytis. Það vekur athygli og umhugsun þegar sömu aðilar tala gegn vinnslu á grænni orku og hafa á sama tíma eðlilegar og rökstuddar áhyggjur af hlýnun jarðar. Rétt er í þessu samhengi að hafa í huga að sú hugmynd að hægt verði að draga verulega úr hlýnun jarðar með því að almenningur dragi verulega úr neyslu er býsna langsótt. Venjulegt fólk notar launin sín til að kaupa vöru og þjónustu, og vanalega ekki mikið eftir í umslaginu við lok mánaðarmóta. Ég hef ekki trú á því að almenningur myndi til dæmis vera tilbúin að taka á sig verulega launalækkun til að minnka neyslu til að draga úr hlýnun jarðar. Að minnsta kosti tala leiðtogar verkalyðshreyfingarinnar ekki þannig og ég held að skýringin á þeim málflutningi sé augljós. Krafan um hækkun launa snýr í raun að því að þeir sem fá hærri laun geti aukið neyslu sína. Eina svarið okkar við þeim vanda sem hlýnun jarðar veldur er að framleiða vöru og þjónustu sem mest án mengandi orkugjafa og nota framleiðsluferla sem menga ekki

Elena Dís Víðisdóttir,
verkfræðingur á Orkusviði, fylgist
með dæluprófunum við nýju
vinnsluholuna



eða að minnsta kosti sem minnst. Þannig leiði aukin neysla ekki til aukinnar mengunar. Þess vegna er stefnumótun stjórnvalda um orkuskipti mikilvæg, og á grundvelli hennar höfum við í stjórn Orkubús Vestfjarða unnið.

Á undanförunum árum höfum við lagt kapp á að auka orkuframleiðsluna, bæði með því að stórauка jarðhitaleit sem og með því að undirbúa vatnsaflsvirkjanir. Leit okkar að heitu vatni hefur borið góðan árangur og stefnir í umtalsverða aukningu á orkuframleiðslu á því sviði. Það eru mikil

gleðitíðindi fyrir íbúa fjórðungsins, einkum þó auðvitað sér í lagi fyrir þá sem munu njóta jarðhitans með beinum hætti.

Hvað vatnsaflsvirkjanir varðar þá miðar okkur vel með Kvíslartunguvirkjun í Steingrímsfirði. Verði hún að veruleika þá verður hún umfangsmesta einstaka framkvæmd í sögu félagsins. Fáir hún risið mun hún auka afhendingaröryggi bæði á Ströndum og á Reykhólum. Vonir standa til að virkjunin komist í gagnið innan fárra ára og gangi þær væntingar eftir er hér um að ræða mikið framfaraskref í raforkumálum Vestfirðinga.

Ég hef áður á þessum vettvangi rætt um mögulega virkjun í Vatnsfirði. Ég ætla mér ekki að endurtaka þá umræðu, en rétt er að rifja upp að allt bendir til þess að áhrif virkjunarinnar ná til 0,2% af skóglendinu í Vatnsfirði. Jafnframt mun framkvæmdin einungis hafa áhrif á 0,027% af óbyggðum víðernum landsins.

Sú er ástæða til að ég nefni þetta hér, að umræða um þennan virkjunarkost er auðvitað mjög áhugaverð út frá umræðu um náttúruvernd, orkuöflun og almannahagsmunir. Samtal um náttúruvernd inniber meðal annars umræðu um mengun og hlýnun loftslags. Það eru gríðarlega sterk rök sem hníga að því að auka framleiðslu grænnar orku, eins og vikið var að hér að framan. Að sjálfsögðu geta þau rök ekki trompað öll rök um varðveislu náttúrunnar, samanber þau rök að það kemur ekki til greina að virkja Gullfoss, svo frægt dæmi sé tekið, sama hvað líður umræðu um græna orku, orkuskipti og hlýnun jarðar. En það er augljóst að það þarf að fara fram hagsmunamat þegar kemur að einstökum þáttum náttúruverndar. Hlýnun jarðar er að margra mati mesta váin sem mannkynið stendur frammi fyrir, græn orkuöflun er því lykillinn að framtíð mannkyns séu þær áhyggjur á rökum reistar. Hversu langt á að ganga í þeim málum, hvenær eigum við ekki að nýta græna, sjálfbæra orkukosti?

Hvað varðar Vatnsfjörð þá skipta lykilmáli þær staðreyndir sem ég nefndi hér áðan, þ.e. áhrif virkjunarinnar á skóglendi og óbyggð víðerni landsins. Ég tel að þegar við bætast augljósir almannahagsmunir af því að bæta afhendingaröryggi raforku, einkum á norðursvæði Vestfjarða, þá þurfi ekki frekari vitnanna við. Augljóst hlýtur að vera að okkur ber skylda til að nýta það græna afl sem býr í Vatnsfirði og vinna þannig að þessum tveimur markmiðum, aukið afhendingaröryggi og aukin framleiðsla til að standa undir grænum orkuskiptum.



Heitt vatn úr vinnsluholunni TD-09

En orkuframleiðslan snýr ekki bara að grænum orkuskiptum. Hún er frumforsenda þess að efnahagsstarfsemin dafni, fyrirtækin og heimilin þurfa orku á viðráðanlegu verði. Vestfirðir eiga nú loksins tækifæri til að snúa vörn í öfluga sókn. Ég hef verið tengdur þessu svæði síðan 1983 þegar ég kom hér fyrst til að vinna í fiski á Flateyri. Nær allan þann tíma sem liðin er síðan þá hefur fjórðungurinn verið í vörn. Störfum hefur fækkað og fólkið flutt, helst suður á Reykjavíkursvæðið. Húseignir lækkuðu í verði, en skuldirnar hækkuðu. Nú hafa orðið skil í þessari þróun og öðruvísi um að litast. Og til þess að það takist að fylgja eftir þeirri sókn sem hafin er þá skiptir öllu máli að til sé nægjanleg orka hér á svæðinu og að afhendingaröryggi sé hér það sama og annars staðar á landinu. Til þess að svo megi verða þarf að virkja vatnsafl hér í fjórðungnum og þá er virkjun í Vatnsfirði nærtækasti kosturinn. Bæði er það svo að ríkið heldur á vatnsréttindunum og það rask sem hlýst af framkvæmdinni er lítið eins og nefnt hefur verið hér áður.

En það er ekki mitt að fabúlera um raskið, umhverfisáhrifin eða áhrifin á almannahag. Til þess höfum við rammaáætlun og tillaga Orkubús Vestfjarða er einmitt sú að þeir sérfræðingar sem skipa vinnuhópa rammaáætlunar fái tækifæri til að leggja mat á þennan orkukost. Til að það megi verða þarf umhverfisráðherra að gera breytingar á friðlýsingarskilmálum og liggur fyrir erindi frá Orkubúinu til umhverfisráðherra þess efnis.

Ég ætla að leyfa mér örlítinn útidúr hvað varðar rammaáætlun. Því miður hefur Alþingi ekki heppnast nógu vel að halda þannig utan um rammaáætlun að hún hafi náð tilgangi sínum. Rammaáætlun var sett á laggirnar til að reyna að jafna deilur um náttúruvernd annars vegar og orkuöflun

hins vegar. Meðferð mála á Alþingi hefur ekki endurspeglað þá sátt sem lagt var af stað með í upphafi. En jafnframt eru mál kannski orðin enn flóknari en áður. Nú er það svo, eins og vikið var að hér að framan, að náttúruvernd og orkuvinnsla fara saman að því leyti að græn orka dregur úr mengun sem veldur hnattrænni hlýnun. Hvernig er best að taka á því í mati á virkjanakostum hver áhrifin verða á til dæmis getu stjórnvalda til að ná fram loftslagsmarkmiðum sínum. Jafnframt hef ég velt því fyrir mér hvers vegna áhrif á ferðaþjónustu hafa svona mikið vægi í umræðunni um mat á því hvort virkja eigi eða ekki. Ferðaþjónusta er ein af atvinnugreinum þjóðarinnar og skiptir vissulega máli. En á hún að hafa vægi umfram aðrar atvinnugreinar þegar kemur að nýtingu orkuauðlindarinnar? Eru hagsmunir ferðaþjónustu til dæmis mikilvægari en afhendingaröryggi raforku til fyrirtækja og heimila eða eru hagsmunir ferðaþjónustu mikilvægari en orkuskipti eða uppbygging atvinnulífs sem þarf á orku að halda. Ég held að þetta séu spurningar sem nauðsynlegt sé að svara, meðal annars í ljósi langtíma áhrifa ólíkra atvinnugreina á byggðamynstur (heilsársstörf eða hlutastörf), arðsemi (fjármagnsmyndun) sem og náttúruvernd (hver eru til dæmis þolmörk náttúru Íslands, CO2 losun vegna flugsamgangna o.s.frv.). Jafnframt er þarft að fylgjast með viðbrögðum þeirra sem búa á helstu ferðamannastöðum Evrópu. Óþol íbúa vegna ferðamanna fer vaxandi og athygli beinist í æ ríkari mæli að óæskilegum efnahagslegum afleiðingum ákveðinni tegund ferðaþjónustu.

Þessar hugleiðingar mínar má ekki misskilja sem svo að ég sé með einhverjum hætti andsnúinn ferðaþjónustu sem atvinnugrein. Þvert á móti þá tel ég hana jákvæða viðbót við íslenskt atvinnulíf, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. En ég nefni þetta hér vegna þess að ég tel að hagsmunir

ferðaþjónustu eigi ekki að yfirskyggja hagsmuni alls atvinnulífs af því að fá þá orku sem nauðsynleg er og jafnframt tel ég að hagsmunir ferðaþjónustunnar megi ekki yfirskyggja loftslagsmarkmið stjórnvalda. Til að sátt sé um virkjanir þá þarf að finna gott jafnvægi í þessa umræðu og það er meðal annars verkefni Alþingis- og sveitastjórnarmanna.

Þessi aðalfundur markar lok þess tíma sem ég hef gengt formennsku í stjórn Orkubús Vestfjarða. Það eru mikil forréttindi að fá að sinna því starfi, einkum fyrir þá sem vilja vinna að framförum í fjórðungnum. Ég er afar þakklátur fyrir að hafa fengið tækifæri til að leggja mitt af mörkum til að efla félagið og vil nota tækifærið og þakka öllum þeim stjórnarmönnum sem ég hef unnið með síðastliðin sex ár. Ég vil líka þakka öllu starfsfólki félagsins fyrir þeirra frábæru störf, oft við mjög erfiðar og krefjandi aðstæður. En sérstakar þakkir fær Elías Jónatansson, Orkubússtjóri. Samstarf hans við þær stjórnir sem ég hef leitt hefur verið hnökralaust og einstaklega ánægjulegt og fyrir það ber að þakka kærlega. Að lokum vil ég þakka þeim ráðherrum sem hafa farið með málaflokkinn fyrir samstarfið, einkum þó fjármálaráðherra sem fer með eignarhaldið á Orkubúi Vestfjarða.

Sólbakka, Flateyri þann 16. maí 2025

Illugi Gunnarsson



Blíðviðri við nýju vinnsluholuna í Tungudal

Orkusvið



Orkusvið

Helstu framkvæmdir ársins 2024

- Bygging 70 m² dæluhús á jarðhitasvæðinu á Laugum í Súgandafirði er að mestu lokið. Hönnun og útboð á gasskilju fyrir bæði Lauga og Reykhóla sett af stað.
- Plan útbúið fyrir holu TD-09 við Skógarbraut í Tungudal og við Seljaland fyrir TD-10. Æð fannst á tæplega 600 metra dýpi í TD-09 og var þeirri holu breytt í vinnsluholu. M.a. 300 metra stálfóðringu komið fyrir. TD-10 sem endaði á 650 metra dýpi gaf ekki vatn. Unnið var að skipulagsmálum, m.a. fella út byggingarlóðir fyrir íbúðarhús og í staðinn gera ráð fyrir virkjun jarðhitasvæðisins.
- Dælupróf voru framkvæmd til að meta afköst holnanna. Dæling stóð yfir í einn mánuð á hvorum stað. Niðurstöður úr holu GE-14 á Patreksfirði sem var boruð 2023 voru að dæla má 12 l/s af 23°C heitu vatni við ásættanlegan niðurdrátt. Magnið hefði þurft að vera rúmlega tvöfalt meira til að duga sem fóður fyrir varmadælu. Í Tungudal á Ísafirði er magnið í kringum 30-35 l/s af 56°C heitu vatni sem fer langt með að duga fyrir varmadælu fyrir Ísafjörð.



- Áframhaldandi vinna í skipulagsgerð og umhverfismatsskýrslu Kvíslatunguvirkjunar í Selárdal í Steingrímsfirði. Álit Skipulagsstofnunar lá fyrir í desember. Einnig var unnið að hluta að verkhönnun virkjunarinnar með tilheyrandi rannsóknum.
- Unnið að byggingu 100 m² rafstöðvarhúss í Flatey fyrir litlar eldsneytisvélar og grænt orkustjórnunarkerfi. Annar af tveimur olíukötlum í kyndistöðinni í Bolungarvík var endurnýjaður með nýjum 1,7 MW katli. Nýr olíubrennari keyptur fyrir 5 MW ketilinn á Ísafirði.


Helstu framkvæmdir ársins 2025

- Ljúka við byggingu dæluhúss á jarðhitasvæðinu á Laugum og setja upp nauðsynlegan búnað í stöðina. Einnig leggja 200 metra af fyrsta hluta aðveituæðarinnar til Suðureyrar þar sem tengt verður inná gömlu aðveituæðina. Útbúa nýjan borteig fyrir nýja vinnsluholu.
- Setja upp nauðsynlegan búnað í dælustöð við Maríutröð á Reykhólum og taka um leið borholu RH-07 frá árinu 1993 í fulla notkun. Sömuleiðis leggja 800 metra langa lögn sem tengir borholuna við iðnaðarsvæðið á Reykhólum.

- Forathugun á helstu möguleikum á nýtingu jarðhitans á Ísafirði. Hefja framkvæmdir á virkjun jarðhitasvæðinu í Tungudal, dýpka TD-10 úr 650 metrum í 900 metra, leggja lagnir að kyndistöð Skeiði og bjóða út varmadælu. Bora nýja vinnsluholu á Patreksfirði og þrjár rannsóknarholur.
- Ljúka við byggingu 100 m² rafstöðvarhúss í Flatey. Gert er ráð fyrir sólarflekum á þaki og rafhlöðum sem fyrsta skref til að innleiða græna orkugjafa í Flatey. Aflgeta orkustjórnarkerfisins verður 120 kW.
- Áframhaldandi vinna við forathugun á Vatnsdalsvirkjun. Ljúka við öflun nauðsynlegra leyfa fyrir Kvíslatunguvirkjun sem er leyfi Umhverfis- og orkustofnunar til að rýra vatnshlotin sem virkjunin veldur og sjálft virkjunarleyfið. Einnig framkvæmdaleyfi sveitarfélagsins.
- Unnið verður að ýmsum undirbúningsframkvæmdum Kvíslatunguvirkjunar til að ná að byggja virkjunina á árunum 2026 og 2027. Einnig bjóða út 9,5 MW vél- og rafbúnað virkjunarinnar. Á bls xx er yfirlitsmynd af framkvæmdasvæði virkjunarinnar.



Yfirlitsmynd yfir framkvæmdasvæði 9,5 MW Kvíslatunguvirkjunar í Selárdal Steingrímsfirði




Veitusvið




Veitusvið

Helstu framkvæmdir ársins 2024

- Spennistöð í kjallara sundlaugar í Bolungarvík var aflögð og ný reist í staðinn á lóð ípróttamiðstöðvar.
- Unnið var að viðhaldi og endurnýjun á dreifikerfi rafmagns í Bolungarvík.
- Ný launaflsspóla var sett upp og tengd í Mjólka og við Bjarkarlund.
- Jarðstrengur yfir á Ingjaldssand var tengdur.
- Unnið var við tengingar á jarðstreng í gamla Rauðasandshreppi. Nýtt rofafelt tengt í Sauðlauksdal og jarðstrengur tekinn í notkun að Kvígindisdal.
- Spennistöð fyrir fóðurpramma út af Þúfnaeyri Patrksfirði var sett upp og spennusett.
- Millispennir settur upp í Bakkadal og þar með er háspennulínan frá Sellátrum í Tálknafirði komin úr rekstri.




- Millispennir í Örlygshöfn settur upp og tengdur fyrir Kollsvíkur- og Breiðavíkurálmum. Með því er háspennulína yfir Hnjótsheiði ekki lengur í rekstri.
- Dreifikerfi lagfært samhliða framkvæmdum við Strekkargil í Vesturbyggð.
- Jarðstrengur tekinn í notkun frá Bjarkalundi að Djúpadal gegnum Teigsskóg.
- Spennuhækkað var í 19kV yfir í Ísafjarðardjúp frá Stakkanesi í Steingrímsfirði að Nauteyri.
- Nýjar aðveitustöðvar voru með því teknar í notkun við Stakkanes og á Nauteyri.
- Þrífösun var frá Djúpuvík að Norðurfirði og Munaðarnesi. Nýtt rofahús í Trékyllisvík tekið í notkun.
- Reykhólar: Lagðir stofnstrengir, stofnlagnir hitaveitu auk nýrra heimtauga.



Helstu framkvæmdir ársins 2025

- Undirbúningur er hafinn vegna lagningar nýs jarðstrengs milli Ísafjarðar og Súðavíkur. Um er að ræða gríðarlega stórt verkefni sem mun bæta afhendingaröryggi auk þess sem Kalkpörungaverksmiðja mun tengjast strengnum. Þetta verkefni innheldur:
 - Stækkun aðveitustöðvar Ísafirði.
 - 33kV jarðstrengur milli Ísafjarðar og Súðavíkur.
 - 11 kV strengurstrengur milli Ísafjarðar og Súðavíkur.
 - Ljósleiðari milli Ísafjarðar og Súðavíkur.
 - Ný aðveitustöð í Súðavík.
- Bíldudalslína 66kV verður sett í jarðstreng ofan Bíldudals vegna fyrirhugaðra ofanflóðavarna.



- Unnið verður áfram að styrkingu dreifikerfis með lagningu þriggja fasa jarðstrengja og ljósleiðara, í samstarfi við sveitarfélög. Þau verkefni sem helst eru í skoðun eru:
 - Örlygshöfn að Breiðuvík.
 - Sandafell í Dýrafirði.
 - Selárdalur í Steingrímsfirði.
 - Reykjafjörður og Svansvík.
- Áfram verður haldið með viðhald og endurnýjun háspennurofa í kerfinu.
- Farið verður í viðhald aflspenna á Ísafirði og Bíldudal.
- Plægður verður jarðstrengur og ljósleiðari upp á Sandafell í Dýrafirði.
- Huga þarf að styrkingu dreifikerfis í Steingrímsfirði vegna fyrirhugaðrar byggingar Kvíslatunguvirkjunar í Selárdal.




Íbúafjöldi á orkuveitusvæði Orkubús Vestfjarða

	Íbúatala 1.1.2025	Breyting frá 1.1.2024	Íbúatala 1.1.2024	Breyting frá 1.1.2023
Svæði I				
Bolungarvík	995	6	989	16
Ísafjarðarbær	3.832	35	3.797	67
Súðavíkurbær	209	-10	219	-4
Samtals svæði I	5.036	31	5.005	79
Svæði II				
Vesturbyggð	1.314	-42	1.356	-6
Samtals svæði II	1.314	-42	1.356	-6
Svæði III				
Árneshreppur	60	7	53	6
Bæjarhreppur	74	1	73	6
Kaldrananeshreppur	115	11	104	-9
Reykhólahreppur	246	10	236	-3
Strandabyggð	405	-9	414	2
Samtals svæði III	900	20	880	2
Vestfirðir samtals	7.250	9	7.241	75

Orkunotkun pr. íbúa 2004-2024

Frá stofnun Orkubús Vestfjarða hefur orkunotkun aukist um 642% á hvern íbúa




Raforkukerfi Vestfjarða





- ▲ Aðveitustöð Landsnets og OV
 - ▲ Aðveitustöð OV
 - Vatnsaflsvirkjun
 - Díselraftstöð
- | | | |
|---|--------|----------|
| — | 132 kV | Landsnet |
| — | 66 kV | LN og OV |
| — | 33 kV | OV |
| — | 19 kV | OV |
| — | 11 kV | OV |
| — | 6,3 kV | OV |



- Þriggja fasa jarðstrengir og línur
- Einfasa kerfi


Vatnsaflsvirkjanir



Vatnsaflsvirkjanir

	Ástimplað afl kW	Framleiðsla 2024 MWst	2023 MWst	Meðaltal 2013-24 MWst	Breyting % 2024 miðað við meðaltal 2023	
Mjólkárvirkjun	11.200	70.626	73.481	70.831	-0,29	-3,89
Þverárvirkjun	2.200	5.668	5.857	6.489	-12,65	-3,23
Nónvirkjun	500	0	0	1.086		
Fossárvirkjun	1.200	4.764	5.027	5.122	-6,99	-5,23
Tungudalsvirkjun	700	4.191	4.301	4.557	-8,03	-2,56
Reiðhjallavirkjun	520	1.501	1.235	1.772	-15,29	21,54
Blævardalsárvirkjun	300	1.415	1.364	1.543	-8,30	3,74
Mýrarárvirkjun	60	330	369	293	12,63	-10,57
Samtals eigin virkjanir	16.680	88.495	91.634	91.693	-3,49	-3,43
Bændavirkjanir	5.878	21.458	22.813	25.456	-15,71	-5,94
Samtals virkjanir á Vestfjörðum	22.558	109.953	114.447	117.149	-6,14	-3,93

Raforkuframleiðsla vatnsaflsvirkjana 2004 - 2024



Díselstöðvar



Díselstöðvar


	Ástimplað afl kW	Framleiðsla 2024 MWst	Framleiðsla 2023 MWst
Ísafjörður	4.760	66	5
Súðavík	1.650	59	101
Suðureyri	660	1	3
Flateyri	1.730	1	2
Þingeyri	700	1	1
Samtals svæði I	9.500	127	112
Bíldudalur	1.150	8	13
Patreksfjörður	4.800	6	54
Flatey	95	263	262
Samtals svæði II	6.045	277	329
Reykhólar	920	26	39
Hólmavík	1.520	45	70
Drangsnes	420	2	1
Samtals svæði III	2.860	73	110
Reykjanes	640	40	1
Samtals svæði IIII	640	40	1
Alls	19.045	518	552

Kyndistöðvar



Kyndistöðvar

	Árið 2024 – Orkunotkun							2023
	Uppsett afl		Afltoppur					Orkunotkun
	Olíukatla	Raforka	Raforka	Olía	Raforka	Borholur	Samtals	Samtals
	MW	MW	MW	MWst	MWst	MWst	MWst	MWst
Skutulsfjarðareyri	10,0	10,0	7,52	18.145	25.607		43.752	41.062
Holtahverfi, Ísafirði	3,0	2,4	1,37	2.171	4.922		7.093	7.775
Bolungarvík	3,0	3,0	2,39	5.068	8.412		13.480	13.176
Patreksfjörður	3,0	3,0	2,41	6.716	7.864		14.580	14.428
Flateyri	2,0	1,2	0,94	1.532	3.267		4.799	5.046
Suðureyri	3,0	1,2	0,83	1.971	2.959	2.890	7.821	8.171
Samtals	24,0	20,8	15,00	35.604	53.031	2.890	91.525	89.658



Orkuöflun




Orkuöflun

	Orkuöflun 2024 MWst	Hlutdeild í heildarorku- öflun %	Orkuöflun 2023 MWst	Mismunur '24- '23 %
Vatnsaflsvirkjanir	88.495	32,54	91.634	-3,43
Díselrafstöðvar	518	0,19	552	-6,16
Olíukatlar	35.604	13,09	2.013	1668,70
Jarðhiti *)	17.979	6,61	19.746	-8,95
Samtals eigin vinnsla	142.596	52,43	113.945	25,14
Forgangsorka	47.232	17,36	41.601	13,54
Raforka til hitunar	54.334	19,98	85.699	-36,60
Jöfnunarorka	4.993	1,84	3.396	47,03
Forgangsorka frá bændavirkjunum	22.843	8,40	24.198	-5,60
Samtals orkukaup	129.402	47,57	154.894	-16,46
Orkuöflun v/raforkusölu	165.384	60,80	163.326	1,26
Orkuöflun v/hitaveitusölu	106.615	39,20	105.513	1,04
Heildarorkuöflun	271.998		268.839	1,18

*) Áætlað


Orkuöflun vegna hitaveitusölu

Samtals 106,6 GWst



Orkuöflun vegna raforkusölu

Samtals 165,4 GWst



Orkudreifing



Orkudreifing


Gjaldskrár- liður	Heiti	Mæla- fjöldi	MWst 2024	MWst 2023	Mismunur '24 - '23 %
A1	Almenn notkun	3.412	46.147	45.646	1,10
A3	Utanhússlýsing *)	44	1.907	1.906	0,04
A4	Blönduð notkun ***)	1.764	47.810	46.794	2,17
B1	Aflmæling	88	34.265	33.989	0,81
B13	Skerðanlegur flutningur	6	31.967	31.035	3,00
C1	Hitun íbúðarhúsnæðis	205	9.453	9.137	3,46
H49	Hitaveita, íbúðarhúsnæði **)	1.486	65.443	63.859	2,48
H498	Hitaveita, stórnotendur **)	20	25.598	25.426	0,68
Samtals		7.025	262.590	257.792	1,86

*) Notkun áætluð miðað við 4.200 nýtingartíma.


**) Notkun er áætluð á Suðureyri 35 kWst og á Reykhólum 52 kWst úr m3 vatns.

***) Einn mælir og notkun skipt 85% hiti og 15% almenn notkun

Orkudreifing niður á helstu notendaflokka




Skipting orkudreifingar 2004 – 2024



Þróun orkuverðs 2004-2024

Dreifing og sala



Rekstrartruflanir



Rekstrartruflanir

Bilanir í hitaveitukerfum árið 2024 voru samtals 9 jafn margar og árið áður. Í rafveitukerfinu voru samtals 96 truflanir en voru 160 árið áður. Af þessum 96 voru 30 vegna skipulags viðhalds.

Gæði raforku og afhendingaröryggi - truflanaskráning *)

Heiti á stuðli	Skamm- stöfun	Eining	Niðurstöður hjá OV	
			Útkoma ársins	Markmið OV
Stuðull um rofið álag	SRA	MW/MW ár	0,46	<3
Stuðull um meðallengd skerðingar	SMS	mínútur/ár	56	<300
Kerfismínútur, rof undir 1 mínútu	KM0	Fjöldi	35	
Kerfismínútur, rof undir 10 mínútum	KM1	Fjöldi	11	
Kerfismínútur, rof undir 100 mínútum	KM2	Fjöldi	0	<3
Kerfismínútur, rof undir 1000 mínútum	KM3	Fjöldi	0	0
Stuðull um skerta orkuafhendingu	SSO	MW * klst/MW ár	1,67	
Stuðull um meðalskerðingu álags	SMA	MW/truflun	0,47	
Fjöldi straumleysistilvika á notanda (SAIFI)	FSN	truflanir/notanda*ár	0,79	
Tímalengd straumleysis á notanda (SAIDI)	TSN	klst/notanda*ár	2,87	
Tímalengd straumleysis á tilvik skerðingar (CAIDI)	TSF	klst/tilvik*ár	3,63	
Áreiðanleikastuðull	AS	klst/klst	99,989	

Kolefnisspor




Kolefnisspor

Orkubú Vestfjarða hefur haldið loftslagsbókhalð frá árinu 2019 og markmið Orkubúsins er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá starfseminni og minnka kolefnissporið með markvissum aðgerðum í rekstri og með því að binda kolefni með skógrækt og endurheimt votlendis. Í mars 2018 skrifaði Orkubú Vestfjarða undir sameiginlega loftslagsyfirlýsingu orku- og veitufyrirtækja innan raða Samorku um kolefnishlutleysi árið 2040.

Orkubú Vestfjarða stefnir að því að vera kolefnishlutlaust árið 2030 og vinnur markvist að því að draga úr losun. Lögð er áhersla á að draga úr olíunotkun við starfsemina. Þá er einnig til skoðunar hvernig megi nýta kolefnisbindingu til að vega upp á móti losun sem ekki er hægt að koma í veg fyrir. Árið 2024 var kolefnisspor Orkubú Vestfjarða 11.593 tonn CO₂íg. Í janúar 2024 voru miklar skerðingar á afhendingu á orku frá Landsneti og framleiða þurfti heitt vatn til húshitunar með olíu. Vegna þess er

kolefnisspor OV mun hærra 2024 en árin á undan. Kolefnisspor á orkueiningu við framleiðslu á heitu vatni til húshitunar er margfalt hærri en árið 2023 og tvöfalt meira en árið 2022 sem var einnig ár mikilla skerðinga. Kolefnisspor

á orkueiningu rafmagnsframleiðslu og kolefnisspor á orkueiningu vegna dreifikerfis rafmagns er nær óbreytt á milli ára.



Umfang starfseminnar

Starfsemi Orkubús Vestfjarða er þríþætt. Orkubúið framleiðir rafmagn og heitt vatn og rekur dreifkerfi fyrir hitaveitu og raforku. Orkubúið rekur 8 vatnsaflsvirkjanir, sem framleiða u.þ.b. 90.000-100.000 MWst á ári, eða um 60% af orkunotkun Vestfjarða. Einnig rekur Orkubúið tvær jarðhitaveitur, sex kyndistöðvar og 12 dísilstöðvar (11 varaafsstöðvar og eina sem framleiðir grunnafl í Flatey). Tafla 1 gefur yfirlit yfir orkuframleiðslu Orkubúsins árin 2019-2024.

Dreifikerfi Orkubúsins samanstendur af yfir þúsund kílómetrum af rafmagnslínum og jarðstrengjum. Auk þess rekur Orkubúið dreifikerfi fyrir heitt vatn. Tafla 2 sýnir upplýsingar um dreifingu orku.

Tafla 1 Yfirlit yfir eigin framleiðslu á rafmagni og heitu vatni árin 2019-2024 (MWst/ári)

Tafla 1 Yfirlit yfir eigin framleiðslu á rafmagni og heitu vatni árin 2019-2024 (MWst/ári).

Eigin framleiðsla	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Vatnsafl (rafmagn)	90.228	97.106	92.061	95.211	91.634	88.493
Dísilstöðvar, varaafli (rafmagn)	401	892	906	578	552	518
Olíukatlar, kyndistöðvar (heitt vatn)	2.553	2.801	1.781	18.146	2.013	35.604
Rafskautskatlar (heitt vatn)	87.106	86.961	86.327	68.531	85.699	54.334
Jarðhiti (heitt vatn)	16.577	16.729	18.533	18.423	19.746	17.979
Alls	196.865	204.489	199.608	200.311	199.644	196.928

Tafla 2 Yfirlit yfir orkudreifingu (rafmagn og heitt vatn) 2019-2024 (MWst/ári).

Orkudreifing	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Dreifing heitt vatn og rafmagn	252.001	252.734	257.650	264.305	257.792	262.590

Kolefnisspor

Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda frá starfsemi Orkubúsins árið 2024 er verulega hærra en árið 2019 vegna mikilla skerðinga í janúar 2024.

Losun vegna framleiðslu á heitu vatni með varaafli (olíu) er margfalt hærri en árið 2019 en á móti kemur að losun vegna ýmissa annarra þátta hefur minnkað. Sem dæmi hefur losun vegna notkunar á eldsneyti á eigin faratæki minnkað frá 2019 sem og vegna ferða innanlands í bílum og með flugi.


Tafla 4, tafla 5 og mynd 3 gefa yfirlit yfir heildarlosun og áætlaða skiptingu losunar gróðurhúsalofttegunda á rekstrareiningu og orkueiningu.

Tafla 4 Skipting losunar (tonn CO₂íg) á milli rekstrareininga árin 2019-2024

Rekstrareining	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Framleiðsla rafmagns	681	965	1123	681	689	632
Framleiðsla á heitu vatni	989	944	726	5.607	787	10.884
Rekstur dreifikerfis	116	91	76	76	73	76

Tafla 5 Kolefnisspor fyrir hverja orkueiningu (gCO₂íg/kWst) árin 2019-2024.

Orkueining	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Rafmagn	7,5	9,9	11,5	7,2	7,0	7,1
Heitt vatn	9,3	8,9	6,8	53,4	7,4	100,9
Dreifikerfi (heitt vatn og rafmagn)	0,5	0,4	0,3	0,3	0,3	0,3




Mynd 3 Skipting losunar gróðurhúsalofttegunda á rekstrareiningar fyrir árið 2019-2024

Kolefnisspor 2024

Stærsti liðurinn í losunarbókhalði 2024 var olíunotkun við framleiðslu á heitu vatni til húshitunar sem var 93% af heildarlosun fyrirtækisins og þar á eftir kemur losun frá lónum sem var 3%. Losun vegna olíunotkunar við framleiðslu á rafmagni var innan við 2% af heildarlosun fyrirtækisins, vegna notkunar jarðefnaeldsneytis á vélar og tæki var rúmlega 1% og vegna rafmagnsnotkunar við framleiðslu á heitu vatni var um 1%.

Önnur losun, um 0,5%, var vegna ferða starfsmanna til og frá vinnu, flug- og ferjuferða starfsmanna og vegna rafmagnsnotkunar til eigin nota. Mynd 4 sýnir hvernig losun skiptist á losunarpætti.

Mynd 4 Skipting losunar gróðurhúsalofttegunda (tonn CO₂íg) á losunarpætti 2024. Losun frá olíu vegna húshitunar er sýnd utan skala myndar.




Kolefnisspor 2023

Stærsti liðurinn í losunarbókhalði 2023 var olíunotkun við framleiðslu á heitu vatni til húshitunar, sem var 43% af heildarlosun fyrirtækisins, og þar á eftir kemur losun frá lónum sem var 22%. Losun vegna olíunotkunar við framleiðslu á rafmagni var 16% af heildarlosun fyrirtækisins, vegna notkunar jarðefnaeldsneytis á vélar og tæki var 8% og vegna rafmagnsnotkunar við framleiðslu á heitu vatni var 6%.

Önnur losun, um 4%, var vegna ferða starfsmanna til og frá vinnu, flug- og ferjuferða starfsmanna og vegna rafmagnsnotkunar til eigin nota. Mynd 5 sýnir hvernig losun skiptist á losunarpætti.


Mynd 5 Skipting losunar gróðurhúsalofttegunda tonn CO₂íg á losunarpætti 2023.



Samanburður kolefnisspors 2019-2024

Með því að skoða losun gróðurhúsalofttegunda yfir lengra tímabil má greina þá þætti sem hafa mest áhrif á losunina og setja fram aðgerðaráætlun til að minnka kolefnisspor fyrirtækisins. Hér er skoðuð losun gróðurhúsalofttegunda fyrir árin 2019-2024. Skipting losunar er annars vegar skoðuð eftir rekstrareiningum (mynd 20) og hins vegar losunarpáttum (mynd 21).


Mynd 20 Skipting losunar gróðurhúsalofttegunda á rekstrareiningar fyrir 2019-2024.



Hækkun á kolefnisspori árið 2024 má einkum skýra með því að notkun olíu við framleiðslu á heitu vatni til húshitunar var margfalt meiri en árið 2023 og árin þar á undan.

Olíunotkun vegna framleiðslu á heitu vatni skiptir mestu máli varðandi losun gróðurhúsalofttegunda (mynd 20) og var þáttur olíunotkunar í heildarlosun Orkubúsins 57% árið 2019, 66% árið 2020, 67% árið 2021, 90% árið 2022, 59 % árið 2023 og 94% árið 2024 (mynd 21).

Mynd 21 Skipting losunar gróðurhúsalofttegunda (tonn CO₂íg) á losunarþætti 2019-2024.



Aðgerðaráætlun

Helstu aðgerðir í aðgerðaráætlun Orkubúsins um kolefnishlutleysi eru:

- Að minnka þörf á olíu við framleiðslu á heitu vatni til húshitunar og á rafmagni
- Að auka hlut vistvænna samganga
- Að leggja áherslu á kolefnisbindingu

Árangur aðgerða

Aðgerðaráætlun um kolefnishlutleysi Orkubúsins var sett fram árið 2020. Sett voru markmið um samdrátt fyrir hvern losunarpátt og aðgerðir sem geta dregið úr losun. Árangur náðist fyrir hluta aðgerða á árunum 2019–2024 (tafla 6).


Tafla 6 Aðgerðaráætlun og markmið um losun gróðurhúsalofttegunda sett fram 2020.

Áherslur - Draga úr losun gróðurhúsalofttegunda vegna:	Markmið	Aðgerðir	Breyting í losun 2019-2024
Framleiðsla á heitu vatni með olúkötlum.	Minnka um 25% á ári.	Bætt flutningskerfi raforku minnkar þörf á framleiðslu með olíu.	Aukning um 1.200%
Framleiðsla á rafmagni með varaafsstöðvum.	Minnka um 20% á ári.	Bætt flutningskerfi raforku minnkar þörf á framleiðslu með olíu (varaafli).	Aukning um 1%
Framleiðsla á heitu vatni með raforku.	Eykst um 0,5% á ári.	Aukning verður þegar notkun á olíu til framleiðslunnar minnkar.	Minnkun um 37%
Notkun eldsneytis á eigin farartæki.	Minnka í þrepum 20% fram til 2024 og svo 10% til 2030.	Endurnýja yfir í sparneytnari bíla og rafbíla. Leigja stærri bíla í afmörkuð verkefni þegar þarf.	Minnkun um 31%
Losun frá lónum.	Óbreytt	Kolefnisjafna losun frá lónum.	Óbreytt
Bílaleigur og ferðir starfsmanna.	Minnka eins og eigin bifreiðar og tæki.	Stuðningur við vistvænar samgöngur og fræðsla um vistakstur.	Minnkun um 55%
Flugferðir	Minnka um 2% á ári.	Fjarfundir og breytt vinnulag.	Minnkun um 36%
Raforka eigin notkun.	Minnka um 2% á ári.	Orkusparnaðaraðgerðir, s.s. tæki sem nota minni orku.	Aukning um 18%
Úrgangur í urðun (óflokkað).	Árið 2030 verði um 70% úrgangs flokkaður en lífrænn úrgangur eykst (tvöfaldast). Losun minnki um 10% á ári.	Aðstaða til sorpflokkunar bætt og fræðsla um úrgangsforvarnir.	Minnkun losunar um 20%
Kolefnisjöfnun	Endurheimt votlendis og skógrækt á eigin landi.	Setja fram áætlun um endurheimt og skógrækt.	Óbreytt

Mynd 24 sýnir stöðuna í árslok 2024 miðað við markmið sem sett voru árið 2020. Sett var fram sviðsmynd um hvernig losun gæti dregist jafnt og þétt saman. Niðurstöður sýndu aukningu á losun gróðurhúsalofttegunda fram til 2022. Losun árið 2023 var hins vegar 13% minni en árið 2019. Árið 2024 var mikil olíunotkun til framleiðslu á heitu vatni en að öðru leyti lækkar losunin á milli ára.


Mynd 24 dregur fram hvar hefur náðst árangur í reiknaðri losun 2019-2024 og losun fyrir sviðsmynd fram til 2030, hvaða þáttum þarf að taka á og hvernig vinna má að raunhæfum leiðum til þess að ná markmiðum. Á mynd 25 er sýnd hlutfallsleg losun fyrir sömu ár.

Mynd 24 Sviðsmynd um samdrátt losunar 2019-2030.
Rauntölur eru fyrir 2019-2024 og markmið aðgerðaráætlunar til 2030.



Niðurstöður leiða í ljós að notkun á olíu við framleiðslu á heitu vatni til húshitunar og þar á eftir til framleiðslu á rafmagni eru þeir þættir sem hafa mest áhrif á losun gróðurhúsa-lofttegunda og því þarf að leggja áherslu á aðgerðir sem draga úr olíunotkun. Skoða þarf þau atriði sem eru að valda bilunum og rofi á rafkötlum samhliða því að leita eftir heitu vatni á lághitasvæðum.

Mynd 25 Hlutfallsleg skipting losunar á milli losunarpátta 2019-2024 – áætlun til 2030.



Lykiltölur úr dreififkerfi



Lykiltölur úr dreifikerfi

Háspennt dreifikerfi

		Línur	Strengir	Aflrofar		
66kV	m	0	0	66kV	3	3
33kV	m	3.260	3.330	33kV	9	9
19kV	m	338.170	349.680	19kV	38	34
11kV	m	639.670	628.400	11kV	179	170
6kV	m	21.624	21.624	6kV	9	9
		314.352	1.002.724	Samtals		238
Samtals línur og strengir		1.317.076				

			Götulýsing		
Spennar			Ljósastólpar	stk.	2633
Dreifispennar	stk.	801	Ljósbúnaður	stk.	2854
Aflspennar	stk.	70	Útilýsing uppsett afl	kW	528